

ARÐSKRÁ

fyrir Veiði- og fiskræktarfélagið Laxá á Ásum.

8

9. febr.

Arður af veiði í fiskihverfi félagsins telst í 400 einingum, er skulu skiptast milli jarða á félagssvæðinu, eins og hér segir:

Hjaltabakki	132 einingar, 33%
Húnsstaðir	95 — 23,75%
Holt	72 — 18%
Hnjúkar	4 — 1%
Sauðanes	64 — 16%
Hurðarbak	32 — 8%
Hamrakot	1 — 0,25%

Meðan nokkur hluti Húnaóss fellur vestan við Hjaltabakkahólma, ber félaginu að greiða til Skinnastaða 6 einingar af veiði Laxár, er takist að jöfnu frá Hjaltabakka, Húnsstöðum og Holti. En ef Húnaós breytir sér þannig, að hann falli allur austan við téðan hólma, skal gjald þetta niður falla.

Arðskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1937.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Mýraræktunarsjóð Garða- og Bessa- staðahreppa, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráð- herra 15. febrúar 1937. Skipulagsskráin er þannig: 9 15. febr.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Mýraræktunarsjóð Garða- og Bessastaðahreppa.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Mýraræktunarsjóður Garða- og Bessastaðahreppa.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á sumardaginn fyrsta 1928 með kr. 2000.00 — tvö þúsund króna — gjöf frá Jóni H. Þorbergssyni bónda á Bessastöðum, við burtför hans þaðan eftir 11 ára dvöl. Allir vextir skulu jafnan leggjast við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn nemur kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónum —. Úr því má verja $\frac{2}{3}$ vaxta árlega, til styrktar efnalitlum duglegum mönnum, er byggja og rækta nýbýli, eða brjóta erfitt land til ræktunar. Þegar allt ræktanlegt land í þessum sveitum er ræktað, fellur styrkur þessi til styrktar eða verðlauna fyrir nýbreytni og umbætur

9 á framleiðslu landbúnaðarafurða, svo sem mjólkur-, osta- og smjörbús, ullarvinnu 15. febr. eða annars iðnaðar á þessu félagssvæði. Hinn hluti vaxta leggst jafnan við höfuðstólinn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er auk þess, að veita lán til framræslu og ræktunar á mýrum í þessum sveitum og til fyrirhleðslu til sjóvarna vegna mýranna. Skulu lánin veitt með 1% lægri vöxtum en útlánsvextir bankanna í Reykjavík eru á hverjum tíma, og skulu framkvæmdirnar gerðar undir eftirliti og verkstjórn hæfra manna. Stjórn sjóðsins ákveður til hve langs tíma lánin skulu veitt og á hvern hátt endurgreiðslu þeirra skuli fyrir komið. Trygging fyrir lánunum skal vera sameiginleg ábyrgð þátttakenda í samtakaframkvæmdum eða veði í landi því, sem haft er til ræktunar, annars er stjórninni skylt að taka ábyrgð hreppsnefndar, ef um stærrí lán er að ræða, eða lán eigi fyllilega tryggt. Lán eða styrk má eigi veita til fyrirhleðslu á landi sem er í eign hins opinbera.

4. gr.

Styrk eða verðlaunum skal jafnan úthlutað eftir fyrirmælum beggja oddvita hreppanna og formanns sjóðsins.

5. gr.

Hálfan sjóðinn skal jafnan ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, en það, sem eigi er í útlánunum, skal ávaxta í sparissjóðsdeild Landsbanka Íslands.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa jafnan sömu menn og eru í stjórn Búnaðarfélags Garða- og Bessastaðahreppa. Endurskoðendur reikninga sjóðsins skulu vera hinir sömu og kosnir eru til að endurskoða reikninga búnaðarfélagsins í þessum sveitum. Fari svo, að búnaðarfélagið verði lagt niður, skipa hreppsnefndir Garða- og Bessastaðahreppa stjórn sjóðsins eða þeir menn, sem koma í stað hreppsnefndanna, sé núverandi sveitarstjórnarfyrikomulagi breytt. Endurskoðendur hreppsreikninganna verða þá og endurskoðendur reikninga sjóðsins. Eftir að sjóðurinn er tekinn til starfa, skal sjóðsstjórnin leggja reikninga sjóðsins með fylgiskjölum fyrir sýslunefnd Gullbringusýslu til athugunar og samþykktar ár hvert.

7. gr.

Sjóðstjórninni ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk, verðlaun eða lán úr sjóðnum, tillögur hreppsnefndar-oddvítanna og formanns sjóðsins til styrkveitinga, verðlauna eða lána; öll fjárframlög úr sjóðnum og ástæður fyrir þeim, lánskjör og tryggingu fyrir lánunum, fundarsamþykktir og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórn sjóðsins ber ennfremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins. Reikningsár sjóðsins sé almanaksárið og skal stjórnin hafa gert ársreikninga sjóðsins fyrir febrúarlök ár hvert.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikninga hans í Búnaðarritinu eða öðru viðlesnu búnaðartímariti.

9. gr.

Verði þessar sveitir, Garða- og Bessastaðahreppar, innlimaðir í kaupstaðina Hafnarfjörð og Reykjavík, fellur sjóður þessi í eign félagsins „Landnám“ eða rennur saman við sjóðeignir þess.

10. gr.

Sjóðsstjórnin skal leita konungsstaðfestingar á þessari skipulagsskrá.

9

15. febr.

11. gr.

Aðaltilgangi skipulagsskrárinnar má aldrei breyta.

Jón H. Þorbergsson.

S A M Þ Y K K T

10

19. febr.

fyrir Fiskræktarfélag Skorradalshrepps.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélag Skorradalshrepps. Heimili þess og varnarþing er að Grund í Skorradal.

2. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskmagn Skorradalsvatns, svo sem með klaki o. fl., sem til veiðiaukningar mætti verða.

3. gr.

Félagssvæðið eru allar þær jarðir, sem lönd eiga að Skorradalsvatni. Eitt atkvæði í félaginu komi fyrir hverja jörð, en ef fleiri eru eigendur en einn, skal hver jarðeigandi eiga atkvæðisrétt. Nú kemur upp veiði í ám, sem renna í vatnið eða úr því, og verði hún talin stafa af starfsemi félagsins, skal þá hlutaðeiganda skylt að ganga í félagið og ber honum að greiða félaginu að fullu þá veiðiaukningu, sem orðið hefir fyrir landi hans, eftir mati dómkvaddra manna.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn: formaður, ritari og féhirðir, og skulu þeir kosnir til tveggja ára í senn. Eftir eitt ár frá stofnun félagsins skal einn maður ganga úr stjórn, eftir hlutkesti, en síðan ganga þeir úr stjórninni einn og tveir til skiptis. Stjórn skal kjósa skriflega á aðalfundi, svo og endurskoðendur félagsreikninga.

Enginn löglegur félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll banni, eða hann hafi setið fjögur ár í stjórn. Á aðalfundi skal og kjósa varastjórn.

5. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður kemur fram fyrir hönd félagsins út á við, hefir yfirumsjón með öllum störfum þess, boðar til funda og stýrir þeim. Ritari ritar fundabækur og skjöl félagsins. Féhirðir annast fjárreiður þess.

6. gr.

Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert, og skal boða hann með hálfsmánaðar fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna er mættur. Nú verður aðalfundur ekki lögmætur, skal þá boða til hans á ný með hálfsmánaðar fyrirvara, og er þá sá fundur ávallt lögmætur.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram til úrskurðar endurskoðaða reikninga félagsins. Aðalfundur kýs stjórn og endur-